

24

12. júní

L Ö G

um dýralækna.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Dýralæknar skulu sex, tveir í Sunnlendingafjórðungi, tveir í Vestfirðingafjórðungi, einn í Norðlendingafjórðungi og einn í Austfirðingafjórðungi.

Atvinnumálaráðuneytið skipar þá og kveður á um bústað þeirra.

2. gr.

Dýralæknar taka laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum, og að auki gjald fyrir störf sín og ferðir eftir gjaldskrá, er atvinnumálaráðuneytið setur.

3. gr.

Þegar dýralæknir ferðast í þarfir hins opinbera, fær hann úr ríkissjóði 6 krónur í fæðispeninga fyrir hvern dag, sem hann er að heiman, og að því skapi fyrir hluta úr degi.

Ferðakostnaður skal honum endurgoldinn eftir fyrirmælum 4. gr. í lögum 2. febrúar 1894, um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta o. fl.

4. gr.

Þá er dýralæknar ferðast í þarfir einstakra manna, skal sá, er ferðarinnar beiðist, fá honum ókeypis fararbeina og fæði, eða endurgjalda honum ferðakostnað eftir fyrirmælum síðari málsgreinar 3. gr. þessara laga um ferðakostnað.

5. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur dýralæknum erindisbréf og ákveður í því starfs svið þeirra.

6. gr.

Lög nr. 61 3. nóv. 1915, um dýralækna, og lög nr. 61 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 61 3. nóv. 1915, um dýralækna, og önnur fyrirmæli, er kynnu að koma í bág við lög þessi, eru numin úr gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 12. júní 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.